



**Ákvörðun nr. 7/2007 um afturköllun tíðniheimildum fyrir
fastasambönd Símans hf. á 2 GHz vegna UMTS**
22. mars 2007

I.

Með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 7. febrúar 2007, var Símanum hf. tilkynnt um að stofnunin hygðist afturkalla tíðnir fyrir fastasambönd fyrirtækisins sem eru á tíðnisviði sem skilgreint hefur verið fyrir þriðju kynslóð farsíma. Hafa fyrirætlanir stofnunarinnar í þessa veru legið fyrir í nokkur ár, en með bréfi til Símans hf., dags. 3. mars 1999, var fyrirtækinu kynnt sú ákvörðun alþjóða tíðniráðstefnunnar WARC 92 að ýmis tíðnisvið, sem mikið höfðu verið notuð fyrir fastasambönd, skyldu framvegis vera til ráðstöfunar fyrir ný fjarskiptakerfi, einkum þau sem falla undir UMTS staðla.

Þau fastasambönd sem hér um ræðir eru á eftirfarandi tíðnisviðum: 1900-2025 MHz, 2110-2200 MHz, 2483,5-2500 MHz. Enn fremur eru fastasamböndin öll fyrir utan höfuðborgarsvæðið eins og nánar er tilgreint á yfirliti sem fylgir bréfi þessu.

II.

Var Símanum hf. gefinn kostur á því að tjá sig um framangreinda og fyrirhugaða ákvörðun. Í svari fyrirtækisins, dags. 22. febrúar 2007, segir m.a. eftirfarandi:

„Síminn gerir á þessu stigi þá athugasemd, að óþarft er að fyrirhuguð afturköllun komi öll til framkvæmda þann 1. september nk. eins og ráðgert er í bréfi PFS. Þess í stað er lagt til að afturköllunin gerist í áföngum, þannig að einungis verði afturkallaðar tíðniheimildir á svæðum þar sem sannanleg truflunarhætta er til staðar og uppbygging þriðju kynslóðar kerfis er fyrirhuguð innan þriggja mánaða frá afturköllun.“

Óskaði Síminn hf. einnig eftir fundi með Póst- og fjarskiptastofnun til að ræða þessi mál. Með tölvupósti þann 2. mars 2007 var Símanum hf. gefið tækifæri til að tímasetja slíkan fund í vikunni þar á eftir, þ.e. 5.- 9. mars, en stofnuninni bárust engin viðbrögð við því.

Með tölvupósti, dags. 21. mars 2007, lagði Póst- og fjarskiptastofnun fram tillögu um hvernig unnt væri að haga afturköllun á umræddum tíðnum, þar sem tillit væri tekið til sjónarmiða Símans hf. um að áfangaskipta henni. Enn fremur var ítrekaður vilji stofnunarinnar til að halda fund með Símanum hf., ef fyrirtækið gæti ekki fellt sig við tillögu stofnunarinnar.

Í svari Símans hf., dags 22. mars 2007, kemur fram að ekki séu gerðar athugasemdir við fyrirhugaða afturköllun að öðru leyti en því að komi til frekari afturköllunar tíðna telji Síminn hf. hæfilegan frest vera sex mánuðir í stað þriggja eins og áformað er. Lagði Síminn hf. til orðalagsbreytingu þar að lútandi.

III.

Þann 12. mars sl. voru opnuð tilboð í tíðnir fyrir þriðju kynslóð farsíma og bærust Póst- og fjarskiptastofnun tilboð frá þremur fyrirtækjum, þ.á.m. frá Símanum hf. Samkvæmt skuldbindingum tilboðsgjafa um uppbyggingu er ljóst að hún mun fyrst í stað fara fram á höfuðborgarsvæðinu og á öðrum þéttbýlum svæðum landsins. Er því nauðsynlegt að afturkalla tíðniheimildir fyrir þau fastasambönd Símans hf. sem augljóslega eru innan þeirra svæða sem ætlað er að byggja upp í fyrsta áfanga samkvæmt útboðslýsingu útboðsins. eru það fastasambönd sem á yfirliti eru númeruð 10-14, 16 og 21-22. Með það í huga að Símanum hf. gefist hæfilegur aðlögunartími til að hætta notkun nefndra fastasambanda kemur afturköllunin til framkvæmda 1. júlí nk.

Hins vegar getur Póst- og fjarskiptastofnun fallist á að ekki sé nauðsynlegt fyrir Símann hf. að hætta notkun á fastasamböndum á öðrum svæðum fyrr en þess gerist þörf vegna uppbyggingar á þriðju kynslóðar farsímakerfi. Á það við um afskekktari landsvæði sem eru innan þeirra tíðnisviða sem til stendur að úthluta fyrir þriðju kynslóð farsíma að þessu sinni, svo og innan þess tíðnisviðs sem er afgangur og ekki verður úthlutað að svo stöddu, en um er að ræða fastasambönd sem á yfirliti eru númeruð 1-2, 5-9, 15, 23-24 og 29-34. Verða tíðniheimildir fyrir fastasambönd á þessum svæðum afturkölluð þegar þess gerist þörf með hæfilegum fyrirvara sem skal að lágmarki vera sex mánuðir.

Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að Póst- og fjarskiptastofnun áformar að úthluta Símanum hf. tíðnum fyrir þriðju kynslóð farsíma. Gerist þar af leiðandi ekki þörf á því að afturkalla tíðniheimildir fyrir fastasambönd sem eru innan þess tíðnisviðs sem ráðgert er að úthluta Símanum hf., þ.e. 1920-1935 MHz / 2110-2125 MHz og 1915-1920 MHz, en fastasambönd sem eru á því tíðnisviði eru á yfirliti númeruð 3-4, 13, 17-20 og 25-28. Með öðrum orðum getur Síminn hf. haft eigin hentugleika með að hætta notkun þeirra.

Ákvörðunarorð

Afturkallaðar eru tíðniheimildir fyrir eftirfarandi fastasambönd Símans hf. og ber að hætta notkun þeirra eigi síðar en 1. júlí 2007:

Keflavík 1975,5 MHz – Þorbjörn 2094,5 MHz
Stykkishólmur 1980 MHz – Akurtraðir 0
Þingvellir 2024,5 MHz – Úlfjótuvatn 1905,5 MHz
Hnjúkar 2066,5 MHz – Skagaströnd 1947,5 MHz
Hnjúkar 2094,5 MHz – Ávík 1975,5 MHz
Dalvík 2136,5 MHz – Grenivík 2255,5 MHz
Dalvík 2150,5 MHz – Hrísey 2269,5 MHz

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell V. Gíslason

Björn Geirsson